

Aðalfundur LÍ
1. nóvember 2024

**Ályktun um
fjölskylduvænna starfsumhverfi**

Aðalfundur Læknafélags Íslands (LÍ) haldinn í Kópavogi 1. nóvember 2024 skorar á stjórnvöld og heilbrigðisstofnanir að beita sér fyrir fjölskylduvænna vinnuumhverfi lækna.

Til að koma í veg fyrir brottfall úr starfsstétt lækna telur aðalfundur LÍ nauðsynlegt að beita úrræðum af hálfu ríkis, sveitarfélaga og heilbrigðisstofnana. Vinna þarf af fullri alvöru að betri vinnutíma lækna, enda hefur læknastéttin verið eftirbátur annarra starfsstétta hvað betri vinnutíma varðar. Aðalfundur LÍ telur jafnframt nauðsynlegt að beita úrræðum á vegum sveitarfélaganna til að tryggja börnum dagvistun svo læknar geti snúið aftur til starfa að loknu fæðingarorlofi.